

Komið sæl

Sumarið er tíminn söng Bubbi og við erum honum hjartanlega sammála. Grasið er farið að grænka, snjó-rinn að hverfa og við getum vonandi fljótlega farið að skottast út á strigaskónum, í hlýju peysunni með léttu húfuna okkar. Mikið verður það gaman og ekki skemmir þegar við getum kveikt á læknum okkar og haft sulludaga, það elskum við öll.

Í maí fara elstu börnin í heimsóknir í Kátakot og er það fyrsta skrefið í aðlögun milli leikskóla. (sjá mánaðarskrá og skóladagatal).

Við ætlum að hafa opna viku frá 19-23 maí og enda vikuna með vorleikum á föstudeginum ásamt öllum í Kátakoti og vonandi kemst vinabekkur okkar. 5. bekkur til okkar í heimsókn. Þetta verður nánar auglýst síðar.

Sveitaferðin okkar verður þann 28. maí og strax á eftir verður nýjum Grænfána flaggað og svo ætlar foreldrafélagið að hafa grillveislu á eftir.

Foreldrafundur verður í Kátakoti þann 26. maí fyrir foreldra barna á Hólakoti sem eru að flytjast í Kátakot á haustdögum en til upplýsinga þá hefst aðlögun strax að loknu sumarleyfi Nánari tímasetning verður auglýst síðar.

Ég vil þakka ykkur sem tókuð þátt í foreldrakönnuninni. Það er okkur afar mikilvægt að fá ykkar mat á skóla-starfinu. Ég vil líka koma á framfæri að þið eruð ávallt velkomin í samtál til okkar, bara panta tíma og við finnum hann.

Bestu kveðjur Drífa.

Foreldraráð 2013-2014

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Hanna Kristín (Hákon Þór)

Helga (Eyrún Hekla, Ingólfur Oddi)

Karl Ingi (Bríet Þóra)

Freyr (Þórlaug Diljá)



Uppbyggingarstefnan

Það er mikilvægt að við lærum að þekkja okkur sjálf og þarfir okkar. Við höfum öll þarfirnar fimm en í misjöfnu mæli.

Sá sem hefur ríka þörf fyrir að hafa áhrif:

vill standa sig vel, hefur þörf fyrir að vita alveg hvað á að gera áður en það er framkvæmt, hefur ríka þörf fyrir hrós og viðurkenningu, skipulagður, stundum stjórnsamur, kappsamur, öruggur í fasi og framkomu. Áhrifaþörfin er uppfyllt með góðri frammistöðu og viðurkenningu.

Sá sem hefur ríka þörf til að tilheyra:

hefur þörf fyrir að tilheyra félagslega og upplifa sig sem hluta af hópi / bekk, vill vera þátttakandi, vill deila með öðrum og blómstrar í samvinnu, á gott með að mynda tengsl og vill að öðrum líki við sig. Þörfin er uppfyllt með samskiptum við aðra og að vera samþykktur.

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi





Grænfáninn

"Allt er vænt sem vel er grænt"

Áætlaður flöggunardagur er 28. maí í öllum skólum Dalvíkurbyggðar. Ef þetta gengur upp allt saman verður sveitaferðin sama dag en samkvæmt skóladagatali er hún áætluð þann 23. maí. Við vonum að þessi breyting komi ekki að sök.

Við erum búin að kaupa moltutunnu og ætlum nú að fara í jarðgerð. Hýði utan af ávöxtum mun fara í moltutunnuna og fara börnin á Skakkalandi og Hólakoti sjálf með það út í tunnu sem verður staðsett á leikskólalóð.



Ösp er einkenni Krílakots

Víðsvegar má finna orðsendingar og mynd af Ösp

Í Krílakoti leggjum við áherslu á hollan og góðan mat

Nú erum við að lagfæra matseðilinn og mun hann á næstu dögum koma inn á heimasíðuna. Matseðillinn verður myndrænn og gefur ykkur þann möguleika að prenta hann út og hengja upp heima og fylgjast með hvað er í matinn hvern dag



**Foreldrafélag Krílakots
Skólaárið 2013-2014**

Ágústa Kristín (Magnea Kristín)

Snæþór (Hólmar Elí)

Guðríður (Hákon Bragi)

Arnar (Daníel Ragúels)

Stöndum saman að velferð barna okkar

Foreldrafélög Krílakots og Kátakots buðu börnunum á leiksýninguna Pétur og úlfurinn

þann 9. apríl síðastliðinn og heppnaðist leikhúsferðin mjög svo vel. Takk fyrir okkur !!

Í leik og starfi



Söguskjóður

Það er gaman að geta þess að verkefnið okkar Söguskjóður hefur fengið tilnefningu til foreldraveðlauna Heimilis og skóla árið 2014. Til hamingju öll sömul. Helga, mamma Eyrúnar og Ingólfs verður fyrir sunnan þann 8. maí og ætar að vera viðstödd afhendingu verðlaunanna fyrir hönd foreldra. Það verður gaman að sjá hvort við fáum verðlaun fyrir þetta frábæra verkefni sem foreldrar barna í Krílakoti og Kátakoti unnu árið 2013.

Söguskjóðurnar eru mjög vinsælar og gaman að sjá áhuga foreldra og barna á að fá þær heim.



Opin vika 2014

Vikuna 19-23 maí verður opin vika í Krílakoti. Foreldrum barna, fjölskyldum þeirra, vinum og öðrum áhugasömum er velkomið að heimsækja okkur. Hægt verður að heimsækja okkur á opnunartíma eða frá 7:30-16:15. og taka þátt í leik og starfi með börnum og kennurum. Fólki er velkomið að kíkja oftar en einu sinni yfir vikuna.

Í opnu vikunni verður hefbundið skólastarf og hér fyrir neðan má sjá hvernig dagurinn er skipulagður hjá okkur. 11:30-13:00 er hádegisverður og hvíld og óskum við eftir því að þið skipuleggið heimsóknir utan þess tíma.

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Skýjaborg	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera	09:00 Söngfundur 10:00 Útivera 11:00 Samvera
Skakkaland	09:00 Tónar 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Frjáls leikur	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Frjáls leikur	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Frjáls leikur	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Frjáls leikur	09:00 Söngfundur 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Frjáls leikur
Hólakot	09:00 Tónar 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Frjáls leikur	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Frjáls leikur	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Frjáls leikur	09:00 Hópastarf 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Frjáls leikur	09:00 Söngfundur 10:00 Útivera 11:00 Samvera 13:00 Frjáls leikur

Sjáumst